

kyrkja í þessu landi nokkurt vald yfir giftingamálum fólks, þótt fáeinar hinum allra kaþólskustu þykist hafa það í hendi sér, og svo í öðru lagi er ekki ástæða til að ætla, að persónur æski giftingar, nema þeim sé það full alvara. Og hversu sem fara kann, þá getur kyrkjan enga ábyrgð borið. Ábyrgðin hvílir hjá persónunum sjálfum, á þeirra eigin heiðarlegleik og ærlegheitum.

Ótal samsæti voru haldin í sambandi við þingið. Híð fyrsta á þriðjudagskvöld, annað á fimmtudag um hádegi og hið síðasta á föstudagskvöld. Við öll þessi tækifæri voru ræður fluttar af helztu málskörungum hér eystra, svo sem Hon. D. J. Long fyrverandi ríkisstjóra Mass., Dr. Savage frá New York auk ótal prófessora frá Harward og úr viðri veröld. Samsætin voru einkar skemmtileg. Þó voru margir farnir að þreytast um það, er allt var um garð á laugardag. Sumar gömlu konurnar fengu sér dálítinn morgunblund við guðsþjónustuna í KingsChapel á laugardagsmorguninn, og nokkrir gráhærðir öldungar hölluðust aftur á bak í sætunum, loknuðu augunum og opnuðu varirnar, réttmátulega mikið til þess að geta meðtekið andann—áður en heim væri farið. En strax og út var komið undir beran himin, vörn þeir hressir og ernir, eins og ekkert hefði verið, gömlu mennirnir, kinkuðu kolli hver framan í annan, kvöddust með mestu velvild og blíðu og sögðu: "Let us keep up the good work. I'll see you again."

Með því eg var ekki ferðbúinn heim, og hafði ekki lokið erindi mínu, urðu þessi kveðjuorð þeirra mér að nokkurs konar áhríns orðum. Þeir hafa fengið að sjá mig aftur, og sumir þeirra aftur og aftur, að vér skulum halda, þeim til mikils fagnaðar og gleði.—

29. maí 1905.

R. P.

Þeir sem skulda blaðinu fyrir síðastliðinn eða yfirstandandi árgang, eru beðnir að afhenda áskriftargjöld sín útsöllumönnum eða senda þau við fyrstu hentugleika til

B. Péturssonar, 555 Sargent Ave. W'p'g.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$1 árg. -- Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave.

Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir**, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Ritstjóri sira Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónasson, 636 Young st. Winnipeg Man.